

Læknar eru hvattir til að koma ábendingum um efni á framfæri við ritstjórn eða pistlahöfund.

# Skipulag Læknafélags Íslands fyrr og nú

Með fyrstu lögum Læknafélags Íslands (LÍ) var félaginu valið það félagsform sem algengast er, það er hverjum lækni var rétt en ekki skylt að vera virkur félagsmaður, með eitt atkvæði á aðalfundi. Í stjórn LÍ sátu þrjú læknar búsettir í Reykjavík eða nágrenni. Formaður var sá sem flest atkvæði hlaut en að öðru leyti skipti stjórnin sjálf með sér verkum. Þá var kosinn einn varamaður í stjórn sem tók sæti ef einhver stjórnarmanna andaðist eða forfallaðist. Læknar í Austur-, Vestur- og Norðlendingafjórungi kusu einn fjórðungsfulltrúa fyrir hvern fjórðung sem skyldu vera stjórninni til aðstoðar.

Páll Sigurðsson eldri, sem þá var ritari í stjórn LÍ, ritaði í *Læknablaðið* 1943 greinina „Framtíðarskipulag Læknafélags Íslands“. Í greininni lýsir hann reynslu af starfi LÍ fyrsta aldarfjórðunginn. Þar segir Páll að til að einstaklingsfélög geti blómstrað þurfi að minnsta kosti tvö skilyrði að vera fyrir hendi: a) Félagsskapurinn nái ekki yfir svo stórt landsvæði að félagarnir eigi mjög erfitt með að ná hver til annars; b) Félagsmenn verði að hafa mikinn áhuga á málum félagsins. Um fyrra skilyrðið fullyrðir Páll að útilokað sé að það verði nokkurn tímann uppfyllt vegna staðhátta. Varðandi hið síðara hafi áhugi lækna fyrir félagsmálum reynst miklu minni en stofnendur þess gerðu sér vonir um. Oft hafi þurft að aflýsa aðalfundum félagsins vegna ónógrar þátttöku. Páll telur á hinn bóginn að miklar líkur séu á því að læknar myndu starfa meira að félagsmálum og áhugi þeirra aukast ef LÍ fengi fastara form þannig að læknar hefðu ekki einungis rétt heldur og skyldu til að starfa að félagsmálum. Það yrði gert með því að byggja félagsheildina upp, ekki á einstaklingum heldur af félagsdeildum sem væru skyldar og teldu sér skylt að senda fulltrúa á aðalfund, sem yrði þá fulltrúafundur.

Þessari skipulagsbreytingu mun fyrst hafa verið hreyft á fundi í Læknafélagi Vestfjarða 1940 og aftur 1942. Á aðalfundi LÍ 1942 var málið tekið fyrir og nefnd kosin til að skoða málið meðan fundurinn stóð. Nefndin reyndist hlynnt stofnun svæðafélaga og breytingu LÍ í samband læknafélaga. Tillaga þar að lútandi var því einróma samþykkt á aðalfundinum.

Vegna mikillar deyfðar í starfsemi LÍ á fimmta áratugnum gerðist ekkert í skipulagsmálunum fyrr en á aðalfundi 1952. Þá voru ný lög LÍ samþykkt í því formi sem Páll reifaði í grein sinni tæpum áratug áður. LÍ varð að sambandi svæðafélaga og annarra félaga íslenskra lækna. Á aðalfundi skyldu eiga sæti fulltrúar aðildarfélaganna, eftir félagafjölda hvers félags.

Þetta skipulag hélt óbreytt að mestu í 65 ár. Þá þótti tímabært að endurskoða skipulag LÍ enda margt breyst á þeim tíma. Til dæmis rættist ekki spá Páls frá 1942 um að samgöngur hér á landi myndu alltaf gera samskipti milli lækna torveld. Þvert á móti. Samgöngur og nýjar samskiptaleiðir hafa gert öll samskipti mun auðveldari en áður. Aðdragandi skipulagsbreytinganna var nokkur. Stjórn LÍ fól árið 2016 vinnuhópi undir forystu Örnú Guðmundsdóttur að endurskoða skipulag LÍ. Hópurinn fékk til liðs við sig Kristján Vigfússon ráðgjafa. Niðurstaða vinnunnar sem kynnt var á vormánuðum 2017 var að viðhalda fulltrúaformi félagsins. Lagt var til að svæðafélögin yrðu ekki lengur aðildarfélög enda eru þau orðin fámenn. Lagt var til að framvegis yrðu aðildarfélög LÍ fjögur: Félag almennra lækna (FAL), félag stofulækna, Félag heimilislækna (FÍH) og félag sjúkrahúslækna. Þá var lagt til að framvegis yrðu í stjórn LÍ tveir fulltrúar frá hverju aðildarfélagi, formaður hvers félags og annar kosinn á aðalfundi við-



**Dögg Pálsdóttir**

lögfræðingur  
Læknafélags Íslands

[Dogg@lis.is](mailto:Dogg@lis.is)

komandi félags. Formaður LÍ yrði kosinn sérstaklega í rafrænni kosningu. Allt gekk þetta eftir. Lagabreytingar í samræmi við tillögur vinnuhópsins voru lagðar fram á aðalfundi LÍ 19. og 20. október 2017 og samþykktar einróma.

Vegna skipulagsbreytinganna hefur nú verið stofnað nýtt aðildarfélag LÍ, Félag sjúkrahúslækna (FSL). Læknafélag Reykjavíkur (LR) hefur breytt lögum sínum og mun framvegis einkum sinna hagsmunum lækna sem starfa að hluta eða öllu leyti sjálfstætt. Önnur aðildarfélög hafa gert nauðsynlegar lagabreytingar til að lög þeirra fullnægi skipulagsbreytingunum.

Lokaáfangi skipulagsbreytinganna er framundan. Læknar þurfa nú að ákveða hvaða aðildarfélagi þau fela atkvæði sitt á aðalfundi LÍ. Hægt er að fela einu aðildarfélagi atkvæðið eða skipta því milli tveggja aðildarféлага. Vegna aðalfundar 2018, sem haldinn verður 7.-9. nóvember næstkomandi þurfa félagsmenn LÍ að tilkynna til skrifstofu LÍ fyrir 15. ágúst hvaða aðildarfélagi þau fela aðalfundar-atkvæði sitt eða hvort þeir kjósa að skipta því milli tveggja aðildarféлага.

Félagsmenn LÍ hafa nú allir fengið sent bréf um þetta efni. Þá hafa allir félagsmenn sem falið hafa LÍ netfang sitt fengið tölvubréf sama efnis og því fylgdi eyðublað sem hægt er að senda til baka á tölvutæku formi. Á bls. 375 í þessu tölvublaði *Læknablaðsins* er einnig bréf um þetta ásamt eyðublaði sem læknar geta útfyllt og póstsent.

Ef læknar hafa einhverjar spurningar um þessi mál eru þeir hvattir til að hafa samband við skrifstofu félagsins símleidis í símanúmerið 564 4100 eða með tölvu-pósti á netfangið [lis@lis.is](mailto:lis@lis.is) í síðasta lagi 14. ágúst næstkomandi. Athuga ber þó að skrifstofan verður lokuð vegna sumarleyfa frá 16. júlí til og með 6. ágúst.